

Sólvaengur

Sunwing

© 2000 Firewing Productions Inc.

Íslensk þýðing © Rúnar Helgi Vignisson 2006

Prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi

Græna húsið, útgáfan okkar • Garðabæ • 2006

ISBN 9979-9727-5-0 / 978-9979-9727-5-4

Þýðingarsjóður styrkti útgáfuna.

Þýðingin er tileinkuð

sonum mínum,

Ísaki Einari og

Þorra Geir.

rbv

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis þýðanda og útgefanda.

Sólvængur

eftir Kenneth Oppel

Rúnar Helgi Vígnisson þýddi



GRÆNA HÚSIÐ

Fyrsti hluti

Hávetur

Skuggi flaug þöndum vængjum um skóginn. Það blikaði Sá ber álmtre, hlyni og eikur í tunglskininu og grýlukerti hengu niður úr greinum þeirra. Fyrir neðan hann lágu fallin tré eins og bein risastórra dýra. Stunur í freðnum viði endurómuðu um loftið og í fjarska heyrði Skuggi mikinn brest þegar enn ein greinin brotnaði og féll til jarðar.

Hann skalf. Þótt hann hefði verið á flugi klukkutímum saman var honum enn kalt, vindurinn nísti gegnum glansandi feldinn inn í merg og bein. Honum varð hugsað til hinna Silfurvængjanna sem létu fara vel um sig í Vetrarhíði. Þótt glitraði á líkama þeirra í frostinu var þeim hlýtt í djúpum vetrarsvefni sem mundi vara fram á vor. Þau vildu ekki koma með honum: Það var of kalt, of hættulegt, sögðu þau. Þetta skipti þau ekki nógu miklu máli til þess að fara ferðina. Látum þau sofa, hugsaði Skuggi og pírdi augun upp í vindhviðu sem skall á honum. Þau voru ekkert forvitin, höfðu enga ævintýraþrá.

Hann ætlaði að finna föður sinn.

Og hann var aldeilis ekki einn á ferð. Á annan tug Silfurvængja óf sig um skóginn við hlið hans. Hann sá Sinúk strjúkast við þunga þinviðargrein svo snjór féll af henni. Fyrir framan Skugga var móðir hans, Aríel, og talaði í hálfum hljóðum við Fríðu, æðsta öldunginn í nýlendunni. Það var önnur leðurblaka í framvarðasveitinni líka, karlblaka sem hét

Íkarus og gegndi hlutverki leiðsögumanns. Skuggi vonaði að hann vissi hvert hann var að fara. En eftir allt sem hann hafði gengið í gegnum var hann feginn því að einhver annar vísaði veginn til tilbreytingar.

„Kalt?“ heyrði hann Marínu spyrja við hlið sér.

„Mér?“ Skuggi hristi hausinn og reyndi að láta tennurnar ekki glamra. „En þér?“

Hún fitjaði upp á snoturt og oddhvasst trýnið eins og hugmyndin væri hlægileg. „Nei. En ég er viss um að ég sá þig skjálfa.“

„Ekki mig,“ sagði hann og horfði í tortryggin augu hennar. „Þú hefur líka þykkari feld. Sjá allt þetta hár!“

„Ja, ég er eldri en þú,“ minnti hún á.

Skuggi rumdi. Eins og hún léti hann nokkurn tíma gleyma því!

„Og Skærvængir hafa betri feld,“ bætti hún við blátt áfram. „Þannig er það bara, Skuggi.“

„Betri feld!“ frussaði hann fyrirlitlega. „Nei, hættu nú! Þó að hann sé þykkari þarf hann ekki að vera betri.“

„Hann er samt mjög hlýr,“ sagði Marína og glotti.

Skuggi gat ekki annað en glott á móti. Af öllum leðurblökunum sem voru með í för var hún sú eina sem ekki var Silfurvængur. Feldurinn á henni var miklu þykkari og bjartari en á honum, hann glóði í tunglskininu. Vængirnir voru mjórri og hún var með falleg skeljarlaga eyru. Hann hafði hitt hana í haust, þegar hann villtist á fyrstu suðurferð sinni. Hún hafði hjálpað honum að komast til nýlendunnar sinnar í Vetrarhíði. Hún þóttist alltaf vita betur, en hann varð að viðurkenna að hún hafði bjargað honum úr lífshættu einu sinni eða tvisvar.

Hann fékk snjóbolta í bakið, leit snögg upp og sá Sinúk taka dýfu með sigurglott á vör.

„Æ, fyrirgefðu, Skuggi, hitti ég þig?“

„Þú ert stórskemmtilegur, Sinúk. Í alvöru.“ Hann hristi snjóinn af sér áður en hann bráðnaði. Þegar þeir voru ungar heima í Trjáhöfn – og það var ekki svo langt síðan – hafði

Sinúk sýnt honum álíka mikla virðingu og tuggðu laufi. Sinúk hafði reyndar verið efnilegasta veiði- og flugblakan og Skuggi bara stubburinn í nýlendunni. En núna, eftir öll ævintýrin sem Skuggi hafði lent í, var Sinúk búinn að ákveða að virða Skugga viðlits.

„Sinúk, svona kemur maður ekki fram við hetju,“ sagði Marína með gleðiblik í augum.

Skuggi saug upp í nefið. Hetju? Honum fannst hann alls ekki vera nein hetja. Kannski fyrstu næturnar eftir að hann kom í Vetrarhíði, þegar allir hlustuðu á sögurnar hans. En eftir það varð allt nokkurn veginn eðlilegt aftur. Hann át, drakk og svaf eins og hver annar og leið eins og honum hafði alltaf liðið. Satt að segja hafði hann gert sér vonir um meira. Hvað þurfti hann að gera til að njóta virðingar? Hann hafði sloppið frá dúfum og rottum, frá uglum og leðurblökum sem átu kjöt. Hann hafði skriðið um neðanjarðar og svifið gegnum þrumuský. Hann hafði flogið úti í skæru dagsljósinu!

Og nú fékk hann snjóbolta í hausinn.

Enginn henti snjó í hausinn á hetju.

Hann gretti sig þegar hann sá Sinúk fljúga niður að Marínu. Sinúk kunnir vel við hana, það var augljóst. Síðustu nætur hafði hann gert sér sérstakt far um að fljúga við hliðina á henni og finna sér svefnstað nálægt henni á daginn. Furðulegast var að Marína virtist ekki kippa sér upp við þetta. Hann notaði líklega snjóinn til þess að ganga í augun á henni, hugsaði Skuggi reiður, og það virðist hafa skilað árangri. Sjá hana, brosir enn að þessu! Stundum þegar Skuggi fylgdist með úr fjarlægð heyrði hann hana hlæja að einhverju sem Sinúk sagði – það var kitlandi hlátur sem hann hafði aldrei heyrt fyrr. Hún hló svo sannarlega ekki svona þegar hún var með honum. Þetta var að gera hann brjáláðan. Upp á hverju gat Sinúk eiginlega tekið sem var svona myndið? Hann var ekki nógu *klár* til þess að vera fyndinn. Voru þau að hlæja að honum?

„Ég hef verið að hugsa um blökurnar sem éta kjöt,“ sagði Sinúk. „Gota og Þrobba.“

„Jæja,“ sagði Skuggi.

„Og ég held að ég hefði getað barist við þá.“

Eyrun á Skugga kipuðust af fyrirlitningu. „Nei, Sinúk. Þeir hefðu étið þig.“ Hvað þurfti hann að fara oft í gegnum þetta? Sinúk vildi ekki trúá því að hann hefði ekki roð við þeim. „Þeir voru *risastórir*,“ sagði Skuggi.

Sinúk flennti nasirnar kæruleysislega. „Hvernig risastórir?“

„*Svona* risastórir,“ sagði Skuggi ertnislega og söng hljóð beint inn í eyrun á Sinúk þar sem hann dró upp bergmálsmynd af Gota að leggja til atlögu, skoltar hans opnir svo sást í tvöfalda fjallshryggi af tönnum sem draup af, þriggja feta langir vængirnir glansandi af svita þar sem þeir bylgjuðust . . .

Hljóðmyndin lýstist einungis eitt sekúndubrot upp í huga Sinúks, en var svo óvænt og ógnvekjandi að hann öskraði upp og flaug á trjágrein svo hann varð allur í snjó.

„Var þetta nauðsynlegt?“ spurði Marína Skugga.

„Já, það held ég.“

„Flott brella,“ muldraði Sinúk gremjulega og hristi snjó af öxlunum.

„Heldurðu ennþá að þú gætir barist við þá?“ spurði Skuggi.

„Ja, við hefðum getað barist við þá heima í Vetrarhíði. Við erum mörg þúsund þar.“

„Nei,“ sagði Marína. „Þeir hefðu beðið þangað til þið væruð öll sofnuð og étið ykkur eitt af öðru um veturinn. Það ætluðu þeir að gera. Og þeir hefðu byrjað á þér, Sinúk. Heilmikið kjöt á þessum beinum.“

„Ja, þetta eru vöðvar,“ sagði Sinúk stoltur, „ekki fita.“ Síðan yggldi hann sig yfir hugmyndinni um að vera málsverður. „Ég held enn að ég hefði getað –“

„Ja, þeir eru dauðir svo þú kemst aldrei að því,“ sagði Skuggi óþolinmóður.

„Þrobbi að minnsta kosti,“ sagði Marína. „Við sáum hann verða að ösku. En við sáum Gota einungis verða *fyrir* eldingu.“

„Það er óhugsandi að hann hafi lifað af,“ sagði Skuggi og

undraðist ákafann í röddinni. Hann vildi svo gjarnan að þetta væri satt. Hann sá skýrt fyrir sér hvar Goti spannst til jarðar í þrumuskýinu, allur sviðinn. Hann efaðist um að hann mundi nokkurn tíma gleyma kjötætunum tveimur og þær ásóttu hann enn í draumi. Þá hélt Goti honum niðri og lagðist á brjóstið svo hann fann ramman þefinn fram úr honum. Því næst laut Goti niður að honum og hvíslaði í eyrað á honum; það voru skelfileg orð sem hann mundi aldrei þegar hann vaknaði í ljósaskiptunum. Og fyrir það var hann þakklátur.

„Hann hlýtur að vera dauður,“ muldraði hann.

„Vonandi hefurðu rétt fyrir þér, ég segi ekki annað,“ sagði Marína. Hún leit á örið sem kjálkar Gota höfðu skilið eftir á úlnlið hennar. Skuggi hafði særst líka, vængurinn á honum hafði rifnað á tveimur stöðum. Þó að rifurnar hefðu náð að gróa sveið hann enn í sárin á flugi. Og hann stóð sig oft að því að horfa yfir vænginn, átti hálf t í hvoru von á að sjá ferlega skuggamyndina af Gota.

„Það fer að styttast.“

Þetta var Íkarus fyrir framan hann.

„Við ættum bráðum að koma út yfir graslendi. Og þá er ekki nema klukkutíma flug eftir. Það sagði Kassíel.“

Skuggi sperraði eyrun þegar hann heyrði nafn föður síns. Í fyrravor, áður en Skuggi fæddist, hafði Kassíel farið að leita að undarlegri byggingu sem Mennirnir höfðu smíðað, ekki langt frá Vetrarhíði, og aldrei komið til baka. Uglurnar drápu hann, það héldu allir. En þegar Skuggi var á leiðinni suður með Marínu í haust hitti hann albínóablöku, Sefír, sem gat lagt hlustir við fortíð, nútíð og framtíð.

Og hann sagði að pabbi hans væri á lífi.

Skuggi vissi ekki margt um föður sinn. Bara að Mennirnir höfðu sett hring á hann – og hann langaði óskaplega til að vita hvað það merkti. Hann hlaut að hafa haldið að svörin væri að finna í byggingunni. Og Skuggi var viss um að þar mundi hann að lokum finna hann, föðurinn sem hann hafði aldrei kynnst.

Skyndilega sá hann Friðu breiða út vinstri vænginn í varn-

aðarskyndi fyrir framan hann. Hann sveigði undireins að næsta tré ásamt Marínu, stakk klónum í frosinn börkinn, sneri sér á hvolf, braut vængina þétt saman og reyndi að líta út eins og grýlukerti. Fyrir neðan heyrði hann að hin komu sér strax fyrir, síðan þögn.

„Sérðu eitthvað?“ hvíslaði hann að Marínu.

Hún hristi hausinn. Hann grandskoðaði trén með hljóði, horfði á myndirnar sem bergmálið dró upp fyrir innri augum hans.

Parna.

Hvítu fjaðrirnar gerðu ugluna svo samlita snævi þöktum greinunum að Skugga hefði hæglega getað sést yfir hana með augunum. En þegar hann hafði fangað ugluna með bergmálssjón sinni glitraði hún eins og kvikasilfur. Þetta var vængjaður risi, að minnsta kosti fjórum sinnum stærri en hann: lífshættulegt flikki, fjaðrir, vöðvar, klær, og risastór undirskálaaugun galopin. Ef hann hefði blakað vængjunum fimmtíu sinnum í viðbót hefði hann flogið beint á hana. Hann hefði átt að gá betur að sér.

Það eitt að sjá ugluna fyllti hann hatri. Í milljónir ára höfðu uglurnar vakt að himininn við dögum og dagslok til þess að tryggja að leðurblökurnar sæju aldrei sólina. Samkvæmt lögmálinu mátti elta uppi leðurblöku sem sást í dagsbirtu og drepa hana.

Rétt eins og þegar þær voru næstum búnar að drepa *hann* síðastliðið haust. Hann mundi vel eftir þeirri dögum, hvernig hann beið í felum eftir að sjá glitta í sólina, þó ekki væri meira. Hann *varð* að sjá hana. Og hann *sá* hana, glóandi skífu sem brann enn dýrlega í minningunni. En það sem gerðist í kjölfarið var allt annað en dýrlegt. Í hefndarskyndi brenndu uglurnar Trjáhöfn til grunna, aldagamlar uppvaftarstöðvar nýlendunnar. Hann kveinkaði sér undan minningunni: heimili hans rjúkandi rúst. Það var gjaldið sem hann lét alla greiða fyrir að hann skyldi kíkja á sólina.

Hann starði reiðilega á ugluna. Nú var ekki einu sinni *nætur*himinninn öruggur lengur. Fyrir fáeinum mánuðum

höfðu uglurnar lýst yfir stríði gegn þeim, sannfærðar um að þau væru að myrða fugla. Einu leðurblökurnar sem Skuggi vissi til að dræpu fugla voru Goti og Þrobbi, en uglurnar tækju ekkert mark á því.

„Hvað er hún að gera hérna?“ hvíslaði hann að Marínu.

Það var nú einu sinni hávetur og þessi ugla ætti að liggja í dvala. Eins og við, hugsaði Skuggi og fylltist sektarkennd. Hann hafði átt hugmyndina að því að leita að þabba sínum um miðjan vetur. En hann hafði ekki gert sér grein fyrir því hvað það yrði erfitt að berjast við svefninn, hvað það yrði kalt. En meira að segja Fríða hafði sagt að það yrðu engar uglur á ferli.

Og hérna var þessi og stöðvaði för þeirra um skóginn.

Burt með þig, hugsaði Skuggi reiður. Farðu.

En hún var ekki á förum. Og var ekki heldur ein. Dapurlegt ugluvæl barst lengst innan úr skóginum svo Skugga varð um og ó. Fyrri uglan svaraði kallinu og sneri risastóru höfðinu silalega.

Ein ugla kunni að vera ólán, tvær vöktu tvímælalaust grunsemdir.

„Verðir?“ hvíslaði Skuggi.

„Um miðjan vetur?“ sagði Marína.

„Kannski erum við nálægt virki eða stað þar sem þær liggja í dvala.“

„Þær senda yfirleitt ekki út verði á veturna. Kannski eru þær bara að leita að okkur,“ bætti hún harðneskjulega við. „Maður sleppir ekki dvala út af engu.“

Hann skalf. Ef þessar tvær uglur voru ekki í dvala, hvað voru þá margar aðrar vakandi líka og hvað höfðu þær í hyggju?

„Fyrir ofan trjálínuna,“ lagði Skuggi til. „Við gætum flogið yfir þær.“

„Nei. Sjáðu.“ Skuggi fylgdi augnaráði hennar og milli nakinna greinanna sá hann móta fyrir hringsólandi uglu sem bar við tunglið.

„Við krækjum fyrir þær,“ sagði Skuggi. „Þær geta ekki verið með verði út um allan skóg.“

Fætur hans, sem voru grafnir í klakahjúp greinarinnar, voru farnir að dofna. Hann færði klærnar örlítið til og sá þá sér til skelfingar hvar net af sprungum fór um greinina. Langt klakahýði losnaði skyndilega og tók með sér tug krýlukerta. Allt hrapaði þetta með glamri niður yfir greinarnar. Skuggi barðist við að ná taki aftur og hvarflaði augunum að uglunni.

Hún sneri höfðinu snögg.

„Ekki depla augunum, hvað þá meira,“ hvæsti Marína á hann.

Skuggi heyrði leitarbergmál uglunnar lenda á sér og endurkastast og reyndi að gera sig eins stífan og grýlukerti. Þetta var skelfileg tilfinning, að þessi ránfugl skyldi skoða hann svona, að finna miskunnarlaus hljóðhöggin nánast á feldinum.

Skuggi beið, vonaði innilega að uglan mundi hypja sig, teldi víst að hávaðinn stafaði af klakahrönglinu. Bjáninn þinn, sagði hann sjálfum sér reiður. Hvers vegna gastu ekki bara verið kyrr? En nei, þú varðst að hreyfa þig og koma af stað litlu klakaflóði!

Með því að blaka kröftugum vængjunum tvisvar lyfti uglan sér og flaug yfir að trénu þeirra. Hún tyllti sér á greinina hjá þeim, hlammaði risastórum löppunum, sem hvor hafði fjórar klær, á viðinn rétt hjá stélinu á Skugga. Allur skrokkurinn hvatti hann til þess að fljúga burt, en hann vissi að þá mundi uglan hremma hann undireins með bognum gogginum.

Hann starði á Marínu og saman læstu þau hvort annað á sínum stað með augnaráðinu. Hinir Silfurvængirnir voru hér og þar á neðri greinunum og hann vonaði að þau hefðu líka vit á að vera grafkyrr.

Allt í einu hoppaði uglan niður á næstu grein, lenti harkalega og kom af stað banvænu regni af grýlukertum. Hún veit af okkur, hugsaði Skuggi skelkaður. Hann vissi hvað uglan var að gera, reyna að flæma þau burt eða stjaksetja þau. Uglan staldraði við og hallaði undir flatt. Hún hoppaði niður á aðra grein. Aftur losnaði um klakann. Síðan laut uglan niður til að kíkja *undir* greinina. Það var bara tímaspursmál hvenær hún kæmi auga á hinar leðurblökurnar.

Svo tók Skuggi eftir grýlukertinu. Það hékk á greininni hans, nær stofninum, og var miklu stærra en flest hinna, enda fódrað af mörgum kvistum. Það hékk beint fyrir ofan hausinn á uglunni. Hann gerði svolitla útreikninga í snattri.

Hann horfði í augun á Marínu og kinkaði kolla að grýlukertinu.

„Láttu það detta,“ sagði hann með vörunum.

Hún hnyklaði brýnnar. Hvernig? spurði hún með augunum.

Það gafst enginn tími til útskýringa. Hann valdi tíðni sem uglan heyrði ekki og einbeitti sér að rótum grýlukertisins. Undanfarnar nætur hafði hann uppgötvað að hann gat ekki einungis séð hluti með hljóðum og sungið hljóðmyndir inn í huga annarra leðurblakna – heldur gat hann líka *breyft* hluti með hljóðum. Á daginn æfði hann sig á laufblöðum. Hann var ekki orðinn sérlega góður í þessu enn. Hann gat bifað léttum hlutum, örlítið. En grýlukerti . . .

Hann lét hljóðin dynja á því, líkaminn var stífur, augun kreist aftur. Sviti braust út í gegnum feldinn. Með innra auga sínu sá hann rótina á grýlukertinu haggast. Hann dró skrykkjótt andann og gáði að uglunni.

Hún hafði hoppað enn lengra niður. Skuggi vissi að móðir hans hékk í næstu grein ásamt Fríðu og Sínúk. Tíminn var naumur. Hann neytti ýtrustu krafta og réðst á rót grýlukertisins. Það hnikaðist aðeins til. Hann heyrði daufan smell, en kertið hélt enn.

Hann reyndi að ná andanum. Kannski einu sinni enn. En áður en hann fékk rönd við reist var Marína þotin af stað á fullri ferð niður eftir greininni í áttina að grýlukertinu. Það brast í berki undir klóm hennar og Skuggi sá ugluna líta upp. Augu hennar stjaksettu þau með reiði sinni. Hún baðaði út vængjunum og skrækta í sömu andrá og Marína henti sér á grýlukertið.

Það hrapaði, snerist á hliðina og lamdi ugluna duglega í hausinn. Risafuglinn ríðaði sem snöggvast og stakst síðan meðvitundarlaus niður á skógarbotninn, flæktur í eigin vængjum.

„Fljúgið,“ hrópaði Fríða að neðan og í einni svipan voru þau öll komin á loft. Skuggi flaug með Marínu sér við hlið á eftir hinum, barði loftið með vængjunum, skrensaði gegnum skóginn, straukst við fjaðurmagnaðar greinar og þyrtaði upp snjómuðu á eftir sér. Hann vissi að ekki liði á löngu uns hinar uglurnar kæmu að rannsaka málið.

Skyndilega kom hann út úr skóginum og sveif yfir opnu graslendi. Hann varð hræddur – þau voru svo berskjölduð hér, allur þessi óvarði himinn hvíldi á þeim. Af edlisávísun lækkaði hann flugið svo vængirnir strukust næstum við há grasstrá. Hann vogaði sér að líta um öxl: Hátt uppi á himninum hringsóludu sex uglur, en skrækir þeirra virtust langt í burtu. Kannski höfðu þær ekki komið auga á þau eftir allt saman.

Enn blökuðu þau vængjunum þúsund sinnum án þess að segja orð, einbeittu sér að því að komast sem lengst frá uglunum.

Hann leit á Marínu. „Takk fyrir hjálpin.“

„Ekkert að þakka.“

Stuttu síðar bætti hann við: „Þú veist að mér hefði tekist þetta.“

Hún leit á hann með svip sem gaf til kynna að henni væri skemmt, svip sem hún setti upp til að pína hann. „Auðvitað,“ sagði hún.

„Þetta var alveg að koma hjá mér!“

„Við höfðum ekki mikinn tíma, Skuggi.“

Hann vissi að það var rétt hjá henni, en hann var ennþá reiður sjálfum sér fyrir að ná þessu ekki. „Reyndu að fella grýlukerti með hljóðinu einu!“

Hann vissi að hún gæti það ekki og þess vegna sagði hann þetta. Í fyrstu hafði hann haldið að allar leðurblökur gætu hreyft hluti með hljóði. En sú var ekki raunin, hafði Fríða sagt honum. Þetta var eins konar náðargjöf, sjaldgæfur hæfileiki. Sjálf gat hún vart fengið grasstrá til að titra og alls ekki úr mikilli fjarlægð. Samt hafði þessi tilraun hans varla verið neitt

til að hrópa húrra fyrir. Það var næstum liðið yfir hann við að reyna að brjóta þetta fjadans grýlukerti.

„Sko,“ sagði Marína og sneri eyrunum eins og hún vildi ekki ræða þetta, „þú kannt öll þessi flottu hljóðbrögð. Ég geri bara þetta leiðinlega. Eins og að tryggja að grýlukertið detti og lendi á hausnum á uglunni.“

„Ja, hver tók fyrstur eftir þessu grýlukerti?“

„Hver hreyfði sig og kom okkur í þessi vandræði?“

Skuggi sogaði að sér loft og leitaði logandi ljósi að svari, sá svo Fríðu snúa við og koma til þeirra.

„Þarna sýnduð þið mikið snarræði,“ sagði sú gamla við þau. „Vel gert hjá ykkur.“

„Hefði ekki getað gert þetta án hennar,“ sagði Skuggi örlátur.

„O, hann átti hugmyndina,“ sagði Marína blíðlega. „Ég hjálpaði bara til.“

Fríða kímði. „Þið eruð svo auðmjúk, bæði tvö. Það er hjartnæmt.“ Og svo flaug hún aftur fram fyrir þau.

Skuggi fann væng nuddast upp við sig og leit við og sá Sinúk koma sér fyrir á milli þeirra Marínu. Hann dæsti með sjálfum sér og rýmdi fyrir stærri blökunni.

„Ja, þetta var spennandi,“ sagði Sinúk. „En þú veist að ég hefði getað barist við ugluna.“

„Farðu og sleiktu grýlukerti, Sinúk,“ sagði Skuggi og tók fram úr þeim. Það var ekki bara að hann vildi fá frið fyrir Sinúk – og kitlandi hlátri Marínu – hann langaði virkilega til að hlera hvað Fríða, Íkarus og mamma hans voru að tala um. Hann gat sætt sig við að einhver annar vísaði veginn, en hann þoldi ekki tilhugsunina um að vera skilinn út undan þegar eitthvað mikilvægt var á seyði.

Hann kinkaði kolti til Platós og Ísisar þegar hann fór fram úr þeim: Hann öfundaði Sinúk af því að hafa bæði mömmu sína og pabba með í för. Stundum stóð hann sig að því að fylgjast með þeim þremur stinga saman nefjum á daginn. Samt var hann þakklátur fyrir að mamma hans skyldi ekki sífellt vera að koma

til hans og spyrja hvort honum væri kalt eða hvort hann væri svangur eða hvort hann verkjaði í vænginn – en með sjálfum sér varð hann að viðurkenna að honum þótti gott að geta alltaf séð hana, bara nokkrum vængjatökum framar. Hann hélt sig aðeins fyrir aftan þau, sperrti eyrun og einbeitti sér.

„. . . til að uglurnar sleppi dvalanum, það er áhyggjuefni,“ heyrði hann Fríðu segja.

„Þær eru óþægilega nálægt Vetrarhíði,“ sagði Aríel mildilega. „Heldurðu að . . .“ Hún þagnaði, eins og hún fengi sig ekki til að ljúka við hugsunina. Hvað? hugsaði Skuggi órólegur. Hélt hún að þær mundu ráðast á Vetrarhíði? En þetta var leynistaður, var það ekki? Og ekki einu sinni uglur gátu ráðist á leðurblökunýlendu sem svaf. Það væri lúalegt . . .

„Ég óttast að þær séu að safna liði í stríð,“ sagði Fríða þunglega. „Og ef þær ákveða að ráðast á okkur að vetrarlagi erum við öll í mikilli hættu.“

„Blóðþyrstir hrottar.“ Það var heift í rödd Íkarusar. „Mennirnir hjálpa okkur að berjast við þær. Það loforð fylgir hringunum. Loforð Noktúrnu.“

Meðan Skuggi lagði við hlustir slóst hjarta hans utan í rifin. Í Trjáhöfn hafði Fríða sagt honum frá Noktúrnu, hinum vængjaða anda næturinnar. Djúpt ofan í jörðinni, í bergmálsherberginu, hafði Skuggi séð sögur úr stríðinu mikla milli fugla og skepna og hvernig leðurblökurnar voru sendar í útlegð á næturhimininn af því að þær neituðu að berjast. En Noktúrna lofaði að einhvern tíma yrði þeim hleypt aftur út í sólarljósið og að þær þyrftu ekki að óttast uglurnar lengur. Hringar Mannanna voru til marks um þetta Loforð: fullkomnir glitrandi hringar eins og sólin sjálf. Því trúðu Fríða og Kassíel að minnsta kosti. Og Skuggi líka.

„Ef uglurnar ætla í stríð,“ sagði Íkarus, „þá eru Mennirnir okkar eina von. Það vissi Kassíel. Þess vegna vildi hann finna þessa byggingu.“

„Hvað heldurðu að við finnum þegar við komum þangað?“ heyrði hann móður sína spyrja varfærnislega.

„Hvað heldur þú, Skuggi?“

Hann hrökk við þegar Fríða leit um öxl og á hann: Hún hafði vitað af honum þarna allan tímann.

„Ég var að velta fyrir mér hvenær þú mundir koma til okkar,“ sagði móðir hans og brosti út í annað.

„Komdu,“ sagði Fríða. „Kassíel er faðir þinn og við værum kannski ekki á þessu ferðalagi ef þú hefðir ekki komið til. Eða þú, Marína.“

Skuggi sneri sér að Marínu sem var rétt á eftir þeim. Hún hafði þá verið að hlusta líka! Henni líkt, vildi ekki að hann vissi neitt sem hún vissi ekki! Í fyrstu fór þetta fyrir brjóstið á honum, en svo skammaðist hann sín. Eftir allt sem hún hafði gert fyrir hann vildi hún enn hjálpa honum að finna föður sinn. Og hana langaði jafn mikið og hann til að komast að leyndarmálinu um hringana. Hún hafði einu sinni haft hring, hugsaði hann öfundsjúkur, áður en Goti reif hann af handleggnum á henni.

„En ef Kassíel er ekki þar?“ spurði Aríel.

Skuggi leit á móður sína, furðu lostinn. Auðvitað bólaði stundum á þessari dimmu hugsun, en hann kæfði hana alltaf. Þegar móðir hans orðaði hana fór örvæntingarstraumur um hann.

„En hann hlýtur að vera þar,“ sagði hann og þráði staðfestingu. „Hann hlýtur að vera þar . . .“ Hann sá vinalegt bros Marínu og þagnaði, leið eins og krakka. Það eina sem hann vissi var að faðir hans var á lífi. Einhvers staðar. Það var einungis hugboð sem sagði honum að hann væri í byggingunni sem Mennirnir höfðu reist.

„Við verðum að vera viðbúin vonbrigðum,“ sagði Fríða, „en við vonum það besta.“

Hvísl straukst um andlit Skugga. Hann sperrti eyrun og hlustaði grannt. „Heyrðuð þið þetta?“ spurði hann.

„Bara vindurinn,“ sagði Marína.

„Nei, þetta hljómaði eins og –“

„Ég heyrir þetta líka,“ sagði Fríða lágt. „Já. Raddir.“

Skuggi skældi háu eyrun sín og tók krappa hægri beygju til þess að reyna að elta hljóðið. Þetta voru örugglega leðurblökuhljóð, en svo óskýr að hann greindi ekki orðaskil. Þetta var eins og að vera kominn aftur í bergmálsherbergið að hlusta á forna hljóðstrauma og reyna að fanga þá áður en þeir gengju honum úr greipum.

„Ég heyri þetta líka!“ sagði Marína.

„Og ég!“ Þetta var móðir hans.

„Komið, Silfurvængir,“ heyrði hann Fríðu kalla.

Skuggi útilokaði heiminn og elti raddirnar. Þær voru örlítið greinilegri núna og runnu allar saman eins og þær væru fljót sem streymdi um loftin.

„Sjáið!“ heyrði hann Íkarus segja.

Fram undan hörfaði graslendið í mjúkum sveig og um dalbotninn flæddi magnaður ljós- og hljóðpollur. Allar í senn virtust leðurblökuraddirnar streyma frá þessum stað, svífa um loftið í áttina til þeirra – dularfullur kór, ruglingslegur en óþýður og ómótstæðilega seiðandi.

„Hvað segja þær?“ spurði Marína frá sér numin.

Skuggi hristi hausinn. Það var ómögulegt að segja. Hvaða máli skipti það? „Þær vilja að við komum,“ sagði hann spenntur. „Þetta hlýtur að vera bygging Mannanna þarna niðri! Komum!“

Þau steyptu sér niður í dalinn og nú greindi hann veggi, þaklínu með háum glitrandi málmturnum. Tónlist leðurblaknanna var svo yfirþyrmandi að byggingin virtist vera ofin úr mögnuðum hljóðum. Þetta var það fallegasta sem hann hafði nokkru sinni séð eða heyrt.

Þetta er það sem faðir minn var að leita að! Hér var svör að finna, nú var Skuggi sannfærður um það. Inni. Þaðan komu raddirnar. Og þar var faðir hans! Og hvernig kemst ég svo inn? Raddirnir mundu leiða hann áfram. Hann stillti á þær og lét þær draga sig nær.

Með Marínu við vængbroddinn flaug hann lágt yfir stórt þakið. Af dimmum og jöfnum gljánum að dæma var þetta

gler, samt sá hann ekkert í gegnum það, ekki einu sinni votta fyrir hreyfingu eða glitta í ljós.

Eigi að síður drógu raddirnar hann áfram að þakbrúninni fjær og þar var hljóðið svo skýrt að það myndaði skæran ljósbaug í innra auga hans.

„Þetta er hér!“ kallaði hann til hinna.

Rétt undir þakbrúninni, hátt á veggnum, var kringlótt op og út um það barst leðurlökusöngurinn. Án þess að hika flaug hann að því, hægði á sér og lenti fyrir innan. Þetta voru einhvers konar göng og hann hraðaði sér strax niður þau á fjórum fótum.

„Skuggi, kannski ættum við að bíða . . .“

Þetta var Marína, lent fyrir aftan hann.

„Komdu, þau eru öll hérna inni!“ Þau vildu að hann kæmi, það var augljóst. Hann átti að koma inn!

Hann skreiddist niður göngin og nú fann hann gólfið hverfa undan sér. Kór fallegu og ómþýðu raddanna þagnaði fyrirvaralaust. Heitur vindgustur skall á eyrunum og hann hrapaði beint niður. Áður en honum tókst að breiða út vængina eða setja út klærnar þeyttist hann gegnum annað op. Hann baðaði út vængjunum, hringsólaði og starði forviða á það sem við honum blasti.